


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD



Samsung
GALAXY S III

inspired by nature

Vonandi verður Gylfi í ham næsta vetur



DARRI STEINN Á 30 SEK.

Fyrstu sex: 150193.
Uppáhalds matur: Rif.
Uppáhaldsknattspyrnumaður: Ronaldinho.
Uppáhaldsknattspyrnulið: Stjarnan og Manchester United.
Uppáhaldsbarnaefni í æsku: Lion King.

Ef ég er með bolta, þá er ég góður

Darri Steinn Konráðsson er nítján ára fótboldamaður sem kemur til með að leika boltakunstir fyrir hönd (eða fót) Íþróttarálfisins í næstu seríu af Latabæjarþáttunum

„Ég á í raun bara að vera fætarna hans Magnúsar Scheving,“ segir Darri Steinn Konráðsson, leikmaður meistaraflokksliðs Stjörunnar, sem nýlega hreppti hlutverk í Latabæ þar sem honum er ætlað að sjá um að leika Íþróttarálfinn þegar hann sýnir listir sínar með fótbolta. Tökur á nýjum þáttaröðum standa nú yfir í bækistöðvum Latabæjar í Garðabæ, en Darri segir það hafa komið sér í opna skjöldu þegar haft var samband við hann. „Þetta kom mér skemmtilega á óvart en mér var sagt að þeir hefðu hringt í öll liðin í Pepsi-deildinni. Stella Rósenkrantz sem vinnur að gerð þáttanna hringdi sem sagt í mig og sagði að sér hefði verið bent á að ég væri góður í að gera kunstir með boltann og í kjölfarið fór ég í prufu hjá þeim. Það þróaðist síðan út í þetta.“

Darri, sem hefur æft fótbolta frá fimm ára aldri, hefur alltaf lagt mikið upp úr því að vera leikinn með boltann. „Mér finnst það eiginlega skemmtilegast við fótboltann, að leika mér með hann. Við Óli Kalli (Ólafur Karl Finsen), vinur minn í liði Selfoss, höfum í gegnum tíðina alltaf leikið og æft okkur saman í svona trixum og það vildi svo skemmtilega til að hann fór líka í prufuna þannig að þetta var eiginlega dálítil keppni á milli okkar. Það gerði þetta kannski enn skemmtilegra.“

Darri er á sínu öðru ári í meistaraflokki og hefur komið við sögu í þremur leikjum í Pepsi-deildinni í sumar.

Búningur Íþróttarálfisins niðþröngur

Tökurnar á senunum hans Darra fara fram á næstu dögum og segist hann vera byrjaður að undirbúa kúnstarútínuna. „Ég er byrjaður að útfæra þetta auk þess sem ég fór í búningamatun um daginn. Reyndar gerir búningurinn mér aðeins erfiðara fyrir þar sem hann er bæði niðþröngur og ég þarf að vera með plasttösku á bakinu og gleraugu á enninu sem koma í veg fyrir að ég geti til dæmis haldið boltanum með þeim líkamshlutum. Engu að síður hlakka ég mjög til,“ segir fótboldakappinn og bætir við að hann hafi aldrei fyrr gert fótboldatrix fyrir framan myndavél, en gæti hann hugsað sér að gera meira af því að vinna við sjónvarpsþáttagerð með þessu móti? „Það væri nú ekkert leiðinlegt að vinna við að taka upp fótboldatrix en almennt er ég feiminn svo ég hef lítið sóst eftir því að að leika eitthvað. Einmitt þetta Latabæjarhlutverk verður samt ekkert mál því ef ég er með bolta, þá er ég góður.“

MMM

MONITOR MÆLIR MED...

Í BIÓ

Eins og flestir muna kom, sá og sigraði franska kvikmyndin L'Artiste á síðustu Óskars-verðlaunahátíð.

Þessa dagana er annar gullmoli franskur kvikmyndagerðar sýndur í kvikmyndahúsum sem nefnist **The Intouchables**. Hafi hún farið framhjá lesendum eru þeir vinsamlegast beðnir að bæta úr því, enda er þarna á ferðinni ein skemmtilegasta mynd sem blaðamenn Monitors hafa séð í langan tíma.



Í SÓLINNI

Hingað til í sumar hefur óneitanlega viðráð þokkalega og krossleggur landinn fingur um að annað eins haldi áfram. Monitor mælir með því að lesendur nýti sólargeislana til útiveru, eins og að fara út á Klambatún eða álíka grasblett til **að kasta frisbíðisk**. Fáránlega einföld en jafnframt góð skemmtun.



Í SUMARVINNUNNI

Náman stendur í sumar fyrir **Ijósmyndasamkeppni á Instagram**. Gengur leikurinn í stuttu máli út á að fólk taki myndir af sér eða vinnufélögum sínum í sumarvinnunni og merki myndina með kassmerkinu **#sumarvinnan**. Í lok hverrar viku er besta myndin verðlaunuð með 10.000 kr. innistæðu á fasteignagrunni Landsbankans og þíttuveislu frá Dominos fyrir 4-6 vinnufélaga auk þess að 1. ágúst verður besta mynd, valin af dómnefnd, verðlaunuð með 250.000 kr. innistæðu.

Facebook Vikan á facebook



Tobba Marinósdóttir randome.á einhver stórt indjánahöfuð-fat?
4. júlí kl. 15:35



Saga Sig Elsku facebook-vinir, er að leita eftir ungri dömu (17-25) til að sitja fyrir í auglýsingu sem ég er að taka á Íslandi í lok júlí, er að leita eftir heilbrigðri stelpu með mikla útgeislun og þarf helst að vera sporty og þarf að vera náttúruleg (ekki aflitað hár eða ljósabrúnka), endilega sendið mér email á sagasig@gmail.com ef þið þekkið einhverja sem gæti verið sú rétta í þetta :) xxx
4. júlí kl. 15:04



Hlynur Júní Hallgrímsson Ætlaði að nota hádegishléið til að skella mér í ræktina... en svo var ég að fá SMS frá Blóðbankanum að það vanti blóð. Smá-bömmur að komast þá ekki í ræktina í dag - en hey, auðveld leið til að losna við 0,5kg.
2. júlí kl. 11:27



Ívar Guðmundsson Hefði viljað Gylfa í Liverpool en óska honum alla hins besta í Tottenham! Vonandi fær hann að spila mikið :)
4. júlí kl. 12:36

FEITAST Í BLAÐINU

4 Monitor fékk að gægjast í myndaaflbúum **Of Monsters and Men** á tónleikaferðalagi



8 Dóri DNA segir Monitor frá DNA-nafninu, Harlem genginu, MH og litríkri ferilskrá



13 Svart-höfði rifjar upp eina gamla og góða **Spider-Man** mynd frá árinu 2004



14 Stíllinn fékk Sigurð Hrannar til að leggja línurnar fyrir sumar-tískuna 2012



Efst í huga Monitors

Hróarskelda og Gylfi Sig

Efst í huga Monitors þessa vikuna er Hróarskelduhátíðin í Danmörku. Með því erum við ekki að hugsa um að vera hipp og kúl-blað sem fjallar um töffaratónlistarhátíðir (þó að við séum það stundum) heldur erum við að hugsa hlýtt til okkar ástkæra blaðamanns Einars Lövdahl sem þar er staddur um þessar mundir. Eins og einhverjir lesendur vita þá er Einar gull af manni sem á allt gott skilið enda fáir sem daglega senda jafnmikla kærleiksstrauma frá sér út í samfélagið. Er það einlæg von Monitors að Einar skemmti sér vel á hátíðinni. Eins vonum við að allir þeir fjölmörgu Íslendingar sem þangað flykkjast muni búa til minningar sem endast ævilangt.

Ef allt gengur að óskum þá fáum við að fylgjast eilítið með ferðalagi Einars, eða ELGsins eins og hann er betur þekktur. Um helgina ætlar hann að setja inn nokkur myndskíð inn á MonitorTV, myndskíð sem fanga hans upplifun á hátíðinni. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með því

Ígær var það svo tilkynnt að Gylfi Þór Sigurðsson sé lörðinn leikmaður Tottenham og óskum við honum til hamingju með það. Ljóst er að við hjá Monitor erum ansi fegin að hulunni hafi verið svipt af félagsskiptunum því við höfum í hálfan mánuð sett það á bið að fá hann í forsíðuviðtal. En um leið gleður það okkur að tilkynna að Gylfi mun prýða forsíðu Monitors í næstu viku og hvetjum við lesendur til að fylgjast með á Facebook því þar mun ykkur gefast kostur á að senda spurningar á kappann.

Góða helgi,
Jón Ragnar



MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Rebekka Líf Alberts (rebekka@mbl.is)
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Sigurgeir Sigurðsson (sigurgeir@mbl.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136


OMAM OMG

Fyrir tæpri viku spiluðu krakkarnir í **Of Monsters and Men** í **Jay Leno** en á laugardaginn spila þau í **Hljómskálagarðinum** í Reykjavík. Þau voru svo elskuleg að senda **Monitor** nokkrar skemmtilegar myndir frá tónleikaferð sinni um Bandaríkin.



ÁHORFENDUR GREINILEGA KLÁRIR Í ÍSLENSKA SNILLD

RAGGI OG NANNA
NÁ VEL SAMAN LÍKT OG
POTTUR OG PANNA



ÞAÐ ÞARF AÐ HVÍLA SIG
Á MILLI TÓNLEIKA



PHÓLKIÐ Í PHILADELPHIA
ERU MIKLIR AÐDÁENDUR



OMAM PHÍLAR
PHILADELPHIU



**ÞAU GETA SPILAÐ
HVAR SEM ER**



PORTLAND BEIBÍ

**SAN FRAN FAN FANN SIG
KNÚINN TIL AÐ FÁ ÁRITUN**



**OMAM AÐ CHILLA Í MONTANA.
EKKI ÞÓ Í FYRSTU PLÖTU RETRO STEFSON**



**Í VIÐTALI FYRIR
SXSW HÁTÍÐINA**



**SKIPIÐ SEM ALDREI
SEKKUR. FRIENDSHIP**



**HVER VÆRI EKKI
TIL Í AÐ BÚA Í RÚTU**



Jafningjafraeðslan tekur yfir Austurvöll

Götuhatið Jafningjafraeðslunnar fer fram á Austurvelli frá kl. 13:00-15:00 á morgun

„Götuhatið Jafningjafraeðslunnar er árlegur viðburður á Austurvelli þar sem áhersla er einfaldlega lögð á góða skemmtun sem er með öllu vímuefnalaus,“ segir Hersir Aron Ólafsson, sem er einn af umsjónarmönnum Jafningjafraeðslunnar í sumar. „Þarna verða hörkudagskrá með tónlistarmönnum á borð við IMMO, No Class og Jón Jónsson auk þess sem danshóparnir Rebel og Swaggerific stíga á stókk. Einnig verður haldinn götumarkaður þar sem ungt fólk getur leigt bás og selt notaðar flíkur og í raun hvað sem er. Að lokum verður þarna að finna svokallað „Lifandi bókasafn“ þar sem hægt verður að ræða við einstaklinga frá ungliðahópi Samtakanna '78, Geðhjálp, Alþjóðahúsinu og Transfélagi Íslands, svo dæmi séu tekin. Þessir einstaklingar sitja fyrir svörum og hugmyndin er að upp úr því skapist umræður sem miði að því að útrýma fordómum í garð minnihlutahópanna sem þessi samtök samanstanda af. Svo má ekki gleyma að á staðnum verða grillaðar pylsur og gos,“ nefnir Hersir.

Skemmtilegri forvarnafræðsla

Götuhatiðin er skipulögð af Jafningjafraeðsluhóp Hins hússins sem samanstendur af níu einstaklingum frá Reykjavík og þremur úr Kópavogi á aldrinum 18-20 ára auk tveggja útsendara á Seltjarnarnesi. Líkt og fyrri ár er helsta hlutverk Jafningjafraeðslunnar að hitta krakka á unglingsstigi grunnskóla og ræða við þá um sjálfsmyndir ungs fólks, vímuefni, kynlíf og raunar allt milli himins og jarðar. „Við reynum

að gera forvarnafræðslu skemmtilegri, það er markmiðið okkar. Þess vegna eru fræðararnir svona ungir, við teljum okkur ná betur til þessara krakka ef við erum bara fáeinum árum eldri og tölum til þeirra sem jafningjar,“ segir Hersir. „Áður en við förum að halda fyrirlestrana sjálf förum við á tveggja vikna undirbúningsnámskeið þar sem við sátum mjög vandaða fyrirlestra frá fagaðilum eins og læknum, sálfræðingum, Dale Carnegie-sérfræðingum og svo framvegis. Það er sem sagt ekki þannig að við séum öll í þessu hlutverki af því að við álitum okkur einhver „legend“ eða svakalega reynslubolta,“ bætir hann við á léttum nótum.

Áherslan stýrist af umræðunni

Hersir segir að á hverju ári sé lögð áhersla á eitthvert ákveðið málefni í fræðslunni. „Árið 2010 var Jafningjafraeðslan með herferðina „Bagg er bögg“ gegn munntóbaki sem vakti nokkra athygli. Áhersluatriðin stýrast þó auðvitað fyrst og fremst af því hvað er áberandi í umræðunni hverju sinni og í sumar verður áhersluatriðið kannabisefni auk þess sem sjálfsmyndir unglunga eru alltaf í fyrir-rúmi hjá okkur. Það skiptir miklu máli að styrkja þær hjá ungu fólki áður en það fer út í mótunarárin sem menntaskólatíminn er svo fólk sé betur undir það búit að taka sjálfstæðar ákvarðanir.“

Hátíðin hefst kl. 13:00 á Austurvelli og stendur til kl. 15:00.





TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

„Bíddu, ert þú eitt-hvað fyndinn?“

Það er vel við hæfi að **Halldór Halldórsson** fáist í dag við störf hugmynda- og texta-smíðs á auglýsingastofunni **Fíton** því **Dóri DNA** er er afar hæfileikaríkur og uppátækjasamur piltur. Hann sagði **Monitor** frá DNA-nafninu, Harlem-genginu, Sölva Grímssyni og drullusokkatímabilinu sínu í MH.

Mér finnst gaman að skipta algjörlega um ham. Fólk sem getur ekki breyst verður að hugsa sinn gang. Ég dýrka að klæða mig upp í einhver föt og hugsa: „Nýtt verkefni, nýr maður,““ segir Halldór Halldórsson sem í rúman áratug hefur gengið undir nafninu Dóri DNA. Á þeim tíma hefur hann fengist við ansi margt og segist ennþá vera að gera upp við sig hvað hann eigi að verða. Vinir hans segja hann skipta mjög oft um týpu enda hefur Dóri á síðustu árum verið rappari, ræðumaður, blaðamaður, útvarpsmaður, jafningjafræðari, sviðslistamaður og uppistandari. Þessa dagana heldur hann svo úti síðunni hverjirvoruhvar.tumblr.com þar sem Dóra tekst að gera beinskeytt grín að ótrúlegustu hlutum. og hefur það notið mikilla vinsælda sökum beinskeyttrar kímigáfu Dóra. „Ég missi húmorinn fyrir síðunni á þriggja daga fresti. Ég man ekki hvað mér fannst fyndið við hana og þá kemur bara eitthvað nýtt í staðinn,“ sagði hann um síðuna vinsælu.

Texti: Jón Ragnar Jónsson
Myndir: Styrmir Kári

jonragnar@monitor.is
styrmirkari@mbli.is

„Dóri er barnabarn Halldórs Laxness og listamanns-nafnið er vísun í þau merku gen.“ Þessa setningu er að finna í stuttri frétt um þig á veraldarvefnum. Setningin inniheldur eina rétta staðreynd en aðra ranga, ekki satt?

Jú. Þetta nafn var aldrei vísun í afa minn og er algjört hipsumhags. Það er í raun óþolandi að segja frá því af því að maður vill helst vera með nafn sem er eitthvað svona: „Og hann lá á dánarbedinu og sagði: „Þú, vinur minn, ert Fagriblakkur.“ Og síðan þá hef ég verið kallaður Fagriblakkur.“ En málið er að fyrsta raphljómsveitin sem ég var í hét Dóri 'n' Addi. Við settum enska 'n-ið' inn svo við gætum verið DNA. Svo á fyrsta Rottweiler-disknum hóuðu þeir í urmul rappara sem allir áttu að rappa smávegis og í lokin segja nafnið sitt, „crew“ og bæjarfélag. Ég var þarna 16 ára og ótrúlega harður og sagði: „Ég berst með orðum og nota þau sem spjót. Á móti mér fellurðu' eins og hlutabréf í DeCode. Svo ekki dissa mig, í rímum er ég fær. Dóri, DNA, Mosfellsbær.“ Ríman var reyndar lengri en hún var bara svo léleg að hún var klippt. En ég var sá eini einhver veginn sem endaði með þessa upplýsingarunu. Í framhaldi af þessu fór Bent að kalla mig Dóra DNA.

Svo vorum við svo bitrir að við fórum að losa tjaldhæla og tjaldstangir og kölluðum okkur Harlem-gengið.

Við skulum líka drífa okkur í því að ræða það að þú sért dóttursonur Nóbelskálðs-ins. Er það erfitt, gaman eða ert þú ekkert að pæla í því?

Á einhverjum tímum þá fannst mér það óþægilegt þegar Sjálfstætt fólk var kennt í skólanum. Bæði af því að ég var ekki jafn klár á henni og mér fannst ég ætti að vera og eins af því að mér fannst eins og allur bekkurinn væri að horfa á mig þegar kennarinn var að spyrja. En það var auðvitað algjört kjaftæði en ég hætti samt að mæta í áfangann og féll í honum. Mætti svo í

endurtektarprófið og geirnegldi það. Síðan þegar maður fullorðnast þá er þetta bara botnlaus brunnur innblásturs sem gott er að sækja í og það er sannkallaður heiður að vera afabarnið hans.

Þú ert sonur kvikmyndagerðarfólksins Guðnýjar Halldórsdóttur og Halldórs Þorgeirssonar. Æska þín hlýtur að hafa verið uppfull af gleði og gamanleik?

Foreldrar mínir eru að öðrum ólöstuðum eitthvert það fyndnasta fólk sem fyrirfinnst á Íslandi. Það er allt svo fyndið sem þau gera og þegar ég er leiður þá hringi ég í þau og athuga hvað þau eru að bralla. Þau eru með svo gott grín í gangi. Nýlega fóru þau svo að kalla sig Arnþrúði og Pétur eftir útvarpsfólkinu á útvarpi Sögu. „Við erum með beina útsendingu héðan úr Bauhaus,“ sögðu þau um daginn þegar þau voru þar stödd. Þau sjá samfélagið svo skemmtilega, það var gaman að alast upp með þeim og við urðum svo snemma mjög góðir vinir.

Þú sagðir mér einu sinni að hafir verið algjör statista-konungur í kvikmyndaverkefnum foreldra þinna en að leiklistaráhuginn hafi þurft að víkja fyrir töffarastælum. Varstu orðinn töffari strax í Gaggó Mos?

Ekki strax. Ég og Kristján Sturla, vinur minn, vorum miklir leiklistarmenn þar en Kristján fékk svolítið bitastæðu hlutverkin. Hann eiginlega yfirspilaði mig þarna. Ég byrja ekki að missa sakleysið fyrr en ég kynnist Steinda sumarið fyrir 9. bekk þegar við vorum að vinna saman í unglíngavinnunni. Um vorið hafði ég verið valinn fyndnasti persónuleikinn á árs hátíðinni. Fólk bjóst við að Steinþór myndi taka titilinn því hann var þekktur húmoristi. Hann var mikill villingur og stofnaður var sér-bekkur fyrir hann og vini hans sem hét MBH, sem stóð fyrir með buxurnar á hælunum. En hann var það mikill villingur að hann mátti ekki einu sinni vera í þeim bekk því hann var sagður hafa svo slæm áhrif á hina strákana. En hann gengur upp að mér í unglíngavinnunni og segir: „Bíddu, ert þú eitthvað fyndinn?“ og í framhaldi af því fórum við að sanna hvor fyrir öðrum að við værum fyndnir, við fórum að leika atriði úr bíómyndum og svona. En svo fórum við í útilegu og Steindi fær að vera í tjaldinu mínu. Þetta tjald var algjört drasl sem hafði verið notað á Eiðum 1964 og ekki verið tjaldað síðan. Allir hinir voru með glansandi fermingartjöld svo við fórum að segja: „Djöfulsins Harlem er þetta tjald.“ Svo vorum við svo bitrir að við fórum að losa tjaldhæla og tjaldstangir og kölluðum okkur Harlem-gengið.

Síðan bregð ég mér frá í smástund og kem aftur inn í tjaldið okkar og þá er Steinþór með einhverju fólki inni í tjaldinu okkar og er að tína hár og setja á

kalda kjúklinginn sem ég hafði ætlað að borða. En þegar hann sér mig þá brotnar hann niður og segir: „Fyrirgefðu, ég var ekki búinn að ákveða hvort við ættum að vera vinir en ég sé það núna að við eigum að vera vinir. Borðuðu minn mat.“ Síðan þá höfum við verið óaðskiljanlegir.

Breytti Steindi þér í enn meiri húmorista?

Ég og Kristján Sturla höfðum lengi verið vinir og haft áhuga á húmor en svo kemur Steindi inn í það með okkur og við stofnuðum útvarpsstöð sem hét FM Einar með slagorðinu „það sem konur vilja ekki vera“ en þar vorum við með þáttinn Trjámann. Ég man að við fengum Tvíhöfða til okkar í viðtal sem var þá gjörsamlega geggjáð, við fengum frí í tíma og fengum að panta pítsu. Okkur leið eins og rokkstjörnum þegar við vorum inni í félagsmiðstöðinni að borða pítsur um hábjartan dag á meðan aðrir voru í landafræði. Þetta hafði hrikaleg áhrif á okkur og við töluðum um þetta í marga daga eftir á. En það má segja það, já, að þegar ég kynnist Steinþóri þá opnaðist á kreatíva grínhlið hjá mér en um leið lokaðist á leiklistina. En við vorum auðvitað miklir töffarar líka. Vorum í Stigagenginu en það samanstóð af svölu krökkunum sem héngu í stiganum. Stigagengið, Harlem-gengið, barnæska mín var eins og hjá einhverjum Mexíkana í LA, ég var alltaf í einhverjum gengjum.

En í 10. bekk áttuð þið að gera ritgerð um íslenskt skáld.

Hvernig leystir þú og þínir vinir það verkefni?

Þetta var lokaverkefnið í 10. bekk og þetta er í alvöru það rosalegasta sem nokkur hefur komist upp með. Metnaðurinn sem við lögðum í þetta var miklu meiri en ef við hefðum bara skrifað venjulega ritgerð. Við sem sagt bjuggum til skáld. Við bjuggum til gaur sem hét Sölvi Grímsson. Við bjuggum til æviágrip, hann var ótrúlega bitur og mikill herstöðv-arandstæðingur. Hann dó líka úr drykkju og fannst í einhverri



HALLDÓR

Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex:
160585.**Uppáhaldsmatur:**
Saltkjöt.**Uppáhaldsstaður í heiminum:**
Kaupmannahöfn.**Fyndnasti einstaklingur heims:**
Foreldrar mínir.**Það myndnasta sem ég hef séð á internetinu:** Öll svona mistakamyndbönd. Fólk að detta eða gaur að prjóna á skellinöðru og fer í gegnum vegg. Mér finnst allt svona myndið.**Draumastarfið:** Höfundur, leikari, grínisti.**Æskuátrúnaðargöb:** Tvíhöfði.*Síðasta sem ég...***Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:** Kaupmannahöfn. Þar var ég á árs hátíð með vinnunni.**Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:** Rub 23. Við borðum þar gjarnan á Akureyri þegar við í Mið-Íslandi skemmtum þar. Nú er hann kominn í bæinn og ég fékk mér bleikju þar á laugardaginn.**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég horfi ekkert á bíómyndir. Ég skammast mín fyrir það hvað það er langt síðan ég horfði á bíómynd. En í gær horfði ég á lokaatriðið í Unforgiven.**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Ég keypti mér bíl, slyddujeppa. Ég er með svo hóflega dagdrauma og Ford Escape er draumabíllinn minn.**Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi:** Ég er að smíða og mála heima. Það er allt í gangi.**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Það var í morgun. Þá sagði ég það við son minn og kærustu.

mýri. Við bjuggum líka til eitthvert brot úr smásögu sem þessi Sólvi átti að hafa samið sem var eitthvað á þessa leið: „Taldi þá bóndinn að þar stæði hnífurinn í kúnni.“ Svo voru nokkur bitur ljóð eftir hann: „Kannar komu arkandi og skemmdu holt og móa.“ Kennarinn var orðinn svo sannfærður um þetta að hún talaði alltaf um þennan Sölva eins og hún vissi upp á hárf hver það væri. Svo var það um sumarið þegar við vorum búnir að fá einkunn fyrir verkefnið að hún kom inn í Bónus-video þar sem ég var að vinna og við sögðum henni að þetta hafi verið uppspuni frá rótum. Hún missti andlit og skammaðist sín. „Þið eruð hrikalegir, strákar!“ sagði hún. En málið er að þetta var svo ótrúverðugt að þetta varð ógeðslega trúverðugt. Við sögðum líka að pabbi hefði bent okkur á þetta og þá hljómaði þetta svo skothelt.

Svo þegar þú byrjar í MH þá stofnar þú Bæjarins

Kæri kapteinn, fyrsti hásetinn þinn segir hér með: „Takk fyrir þessa sjóferð, vonandi gengur þetta betur næst.“

bestu með Danna Deluxe. Hvernig kom það til?

Ég var í hljómsveit og plötusnúðurinn í henni átti frænda sem átti vin og það var Danni Deluxe. Hann var smá-númer og hafði spilað með Rottweiler og þekkti þá. Hann var að gera takta líka og ég fékk vilyrði frá foreldrum mínum að fara á útihátíðina Eldborg sumarið fyrir menntaskóla gegn því skilyrði að Stuðmenn yrðu fylgdarmenn og Jakob Frímánn myndi passa mig. En mig minnst nú að Jakob hafi bara droppað mér af á svæðinu og sagt: „Sjáumst á sunnudaginn.“ En þar hitti ég Danna og við tölum um að stofna rapphljómsveit. Síðan heldur Skjár 1 rappkeppni þar sem ég og Steindi kepptum með hljómsveitinni okkar Menendez: „M-E-N-E-N-D-E-Zeta. Ég rappa í mikrófóninn eins og móðerfokking hetja.“ Við höfðum samband við Danna fyrir keppnina og spurðum hvort hann vildi gera takt fyrir okkur sem hann og gerði. Síðan fannst mér Danni svo skemmtilegur að við höfðum sambandinu áfram. Steinþór fór svo að rappa með einhverjum öðrum gaur sem hann kynntist í Borgó en sá gaur kallaði sig Ræsisfluguna. Fljótlega óskaði Danni formlega eftir því að stofna með mér hljómsveit sem hét Bæjarins bestu. Og ég var bara: „Okei.“

Í MH varstu mikið í rappsenunni en það ætlaði líka allt um koll að keyra þegar þú tókst við starfi meðstjórnanda NFMH þar sem þú sást fyrir þér miklar breytingar innan nemendafélagsins. Hvernig kviknaði sú hugmynd?

Hún kviknar í gegnum Berg Ebba. Ég kynnist honum í gegnum ræðumennsku í MH en ég byrjaði á þriðja ári í ræðumennskunni. Hann var þekktur innan skólans og var forseti, með aflitað hárf og alveg ruglaður. Hann var ræðumaður Íslands og var hálfgerð goðsögn þarna. Það sem vantaði í forsiðuvíðtalið við hann í Monitor um daginn var að hann var algjör drullusokkur í menntaskóla en er auðvitað ógeðslega ljúfur gaur í dag. Það er ennþá fólk með óbragð í munnum eftir hann síðan í menntaskóla. Hann var ekki ræðuþjálfari en hann tók að sér einn ræðumann og hjálpaði til við ræðuskrif og annað. Þannig að ég leit mikið upp til hans. Ég vissi að hann hafði breytt titlum á embættum, forseti varð foringi og meðstjórnandi varð áróðurs- og upplýsingamálaráðgjafi NFMH. En þessu var snúið til baka með valdi: „Það eru tveir gyðingar í skólanum og þetta er ekkert fyndið. Þið eruð bara tittir sem skiljið ekki þá þján-ingu sem var í

heiminum í seinni heimsstyrjöldinni,“ hafði fólk sagð við hann og hans bandamenn. En ég varð að apa þetta eftir honum og á einhverjum mega-peppuðum fundi þá tókst mér eiginlega að breyta öllu í lögunum.

Hverju breyttu þið?

Við breyttum öllu. Meðstjórnandi varð fyrsti háseti, sem er hugtak sem er ekki til einu sinni. Það heitir fyrsti stýrimaður. Framkvæmdastjóri hét allt í einu Strandamaðurinn sterki. Það var eitthvert helvítis kjaftæði út um allt í lögunum. Svo var mér mótmælt opinberlega af liði sem fannst þessi uppátæki alls ekkert sniðug, eðlilega. Ég man að ég tók þessu geðveikt illa þá og á endanum baðst ég lausnar. Hringt var þrisvar inn á sal þar sem allur skólinn mætti. Ég var með ræðu þar sem ég sagði af mér embætti mínu. Ég var með píanóleikara kláran og hann átti að byrja að spila þegar ég sagði: „Kæri kapteinn“ en við höfðum breytt heiti forseta í kaptein. Ég hélt áfram og sagði: „fyrsti hásetinn þinn segir hér með: „Takk fyrir þessa sjóferð, vonandi gengur þetta betur næst,““ og á meðan spilaði píanóleikarinn undir lagið As Time Goes By. Það var svo eitthvert lið sem eins og ég tók menntaskóla-ruglinu allt of alvarlega sem fór að hágráta, auðvitað, það var búð að kjúa inn einhvern píanóleikara. Ég fór út og hugsaði: „Þetta er rétt,“ en þegar ég horfi til baka þá vildi ég óska þess að ekkert af þessu hefði gerst, að ég hefði ekki sett sjálfan mig svona framarlega. En í alvörunni þá held ég að allir eigi rétt á því að vera drullusokkar í menntaskóla því það er mjög góður tími til að taka það út.

En í MH varstu ekki bara rappari, meðstjórnandi og drullusokkur. Þú varst í ræðuliði skólans og tapaðir eftirminnilega gegn Birni Braga og félagum úr Verzló. Gastu nýtt þessa reynslu áfram eftir menntó?

Ég sé nánast smá eftir því líka. Við sögðum svo mikla trú á þetta, við höfðum að þetta væri alveg málið og það þyrfti bara eina góða ræðu til að snúa öllu við. En að vissu leyti kviknaði eitthvað gott þarna, maður var að skrifa rosalega mikið og maður lærði eitthvað, ég veit ekki alveg hvað, en eitthvað jákvætt á þessu. En já,

þetta tryggði mér vinnu næstu árin því ég fór að þjálfra ræðulið FB. Þar náði ég einmitt fram hefndinni. Við fórum niður í Verzlunarskóla þar sem helvítis hann Björn Bragi og Jóhann Alfreð voru að fá hrikalegan pening borgaðan á keppni. Þeir voru með svo mikinn hroka og stæla við krakkana mína

og Verzló-gaurarnir voru svo vissir um að þeir myndu vinna. Í einhverju hrokaflippi stungu þeir upp á umræðuefninu „Árið 1999 var

besta ár mannkynssögunnar“ og sögðu að við mættum ráða pólnum. Við sögðum: „Okei, við erum á móti“ og gengum út. Það tók þá svona sólarhring að láta hrokann renna af sér og fatta að þeir hefðu algjörlega samið af sér. Krakkarnir mínir spýttu aldeilis í lófa og ég fékk Kjartan Atla Kjartansson, Kjarra Camouflage, til að hjálpa mér að þjálfra. Hann blés þeim aldeilis vind í brjóst og við fórum og unnum Verzlunarskólann á þeirra heimavelli og dönsuðum þarna út. Þá var lögunum aflétt og Morfiskafi-

anum í mínu lífi lauk.

Eftir MH gerist þú svo blaðamaður hjá DV og prófar bókmenntafræði í háskólanum. Á endanum byrjar þú svo í fræði og framkvæmd í LHÍ. Var það alveg málið?

Ég fann mína hillu í fræði og framkvæmd. Bæði kveikti það í manni að skrifa en aðallega að koma fram. Ég var búinn að vera í fræði og framkvæmd í fimm mánuði þegar ég gafst upp á rappi. Það var svo rökrétt hvernig ég gerði það. Mér fannst ég ekki lengur nógu töff til að rappa. Ég hafði ekki það sem Erpur hefur og eins og í dag þá á ég ekki séns í Gísla Pálma og þessa gaura sem lifa rapplífinu til hins ýrasta. Þetta var farið að snúast um að segja skýrt hluði á harðan hátt. „Ég er með vætu í kringum augun og titringinn í taugum þegar ég keyri í kringum Reykjavík með bíl fullan af draugum.“ Þetta er alveg kúl en þetta þýðir ekki neitt. Ég hugsaði með mér að ég hlyti að geta fundið þessu annan farveg.

Fannstu þann farveg í uppistandinu?

Já, algjörlega. Það hafði blundað lengi í mér og Bergi Ebba að byrja með uppistand. Ef ég tek bara minn hluta af sögunni þá hafði ég flutt smá-uppistand á Sprengjuhallartónleikum. Það gekk mjög illa. Ég var svo óundirbúinn. Ég keyrði heim til Bergs, prentaði uppistandið út, keyrði á staðinn, las það en gleymdi svo hvað ég ætlaði að segja og þakkaði fyrir mig. En þarna var ég sannfærður um að þetta gæti orðið eitthvað. Grín hefur alltaf verið náttúrulegt fyrir mér. Þannig að ég hringdi í Finna á Prikinu og bókaði eitt kvöld hjá honum. Bergur hoppaði hæð sína í loft upp og vildi fá að vera kynnrir. Síðan talaði ég í klukkutíma og það gekk ógeðslega vel.

Og þá var ekki aftur snúið?

Ég held í alvöru að ef það hefði gengið illa það kvöld þá hefði ekkert af þessu gerst. Jói og Ari voru í salnum og þegar þeir sáu hvað þetta gekk vel þá hoppuðu þeir um borð. Það gekk ekki vel af því að við vorum svo góðir. Það gekk vel af því að fólk var svo til í þetta. Það var til í að mæta, skemmta sér og hlæja saman.

En það hlýtur að vera erfitt að gera öllum til hæfis í uppistandi?

Það er ekkert hægt. Ég hef alveg verið með uppistand þar sem allir eru að hlæja og allt í einu kemur kona: „Hættu þessu, við viljum ekki heyra þetta!“ af því að ég var að tala um einhverja kúkaflú í Þýskalandi. Og það er alveg dásamlegt. Svo ég vitni nú bara í þættina okkar í Mið-Íslandi. Þeir voru alls ekki fyrir alla. Þeir voru mikil lexía fyrir okkur því við höfðum aldrei gert sjónvarp áður. En það voru einhverjir sem filuðu þættina og það var eitthvað fyrir alla. Við reyndum mögulega að koma til móts við of fáa. Þú sérð að Steindinn gerir þetta bara á sinn hátt og er bara Steindinn og allir elska Steindann. Ég er mjög stoltur af þáttunum en þetta var rosalegur lærdómur og kenndi manni hvernig á að gera hlutina og hvernig á ekki að gera hlutina.

Verður framhald á sjónvarpsævintýri Mið-Íslands? Ætlið þið ekki að meika það í útlöndum?

Mér finnst útlönd mjög heillandi. Það eru alveg hlutir í gangi. Ég er mögulega að fara að leika í leikriti í Þýskalandi. Ég kann mjög vel við Þýskaland en ég fer bara ekki aftur til Gießen. Þar var ég í skiptinámi í hálf ár og fann mig ekki alveg. En þannig er lífið bara stundum, stundum er maður ekki í góðu skapi. En svo erum við í Mið-Íslandi líka að vinna með Dönum. Við erum að skrifa sketsa með þeim. En við vitum ekkert hvar það endar. En auðvitað væri gaman að færa þetta út fyrir landsteinana.

Þú ert gjarn á að koma inn með sprengju en yfirgefa partín skömmu seinna. Mun koma að þeim tímapunkti að þú staldrir við einhvers staðar í langan tíma?

Ég er svo skíthæddur af því að ég hef ekki helgað mig neinu. Ég er hræddur um að enda uppi með ekkert í höndunum. Ég veit ekki hvað tekur við hjá mér. Í loka-verkefni mínu í skólanum lék ég mikið og fékk góða gagnrýni frá kennurunum og þá fann ég hvað ég elska að koma fram, að fara með texta og þæla í týpum. Í Mið-Ísland-þáttunum leik ég mjög þykkar týpur og fann hvað mér fannst það gaman. Ég leik svo í leikriti sem við setjum upp í Þjóðleikhúsinu eftir áramót sem Þorsteinn Bachmann leikstýrir. Það er erfitt að vera 27 ára og ætla að verða leikari á Íslandi, það eru heilu bekkirnir af hæfileikaríku fólki sem fær ekki vinnu sem leikarar. En núna hefur maður tækifæri til að skapa sín eigin tækifæri í því. Ég get skrifað eitthvað sjálfur og komið því á koppinn. En maður verður alltaf einhver þúsundþjalasmiður og það er ágætt. Þá fær maður ekki leið á neinu.





2000 NÝIR ÁSKRIFENDUR

Á síðustu vikum hafa bæst við 2000 nýir áskrifendur að Morgunblaðinu.
Við fögnum því og bjóðum þá velkomna í hóp kröfuharðra lesenda okkar.

Morgunblaðið

Dr. Otto Octavius: „I will not die a monster.“
Spider-Man 2 (2004)



VILTU VINNA MIÐA?



Monitor ætlar að gefa miða á **The Amazing Spider-man**, fylgstu með...
facebook.com/monitorbladið



GRETTIR LEIKUR KÖNGULÓAMANNINN

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

The Amazing Spider-Man

Ein vinsælasta sögupersóna veraldar snýr aftur á hvíta tjaldid í The Amazing Spiderman. Hér er í brennidepli ósögð saga sem sýnir nýjar hliðar á Peter Parker. Peter Parker (Andrew Garfield) elst upp hjá frænda sínum Ben (Martin Sheen) og konunni hans May (Sally Field), eftir að foreldrar hans neyðast til að yfirgefa hann og látast svo af slysförum. Hann er utangátta í skólanum og á erfitt með að átta sig á því hver hann er og hvaðan hann kemur. Hann er á sama tíma að uppgötva hrifningu sína af Gwen Stacy (Emma Stone) og saman kljást þau við ástina,

Leikstjóri: Marc Webb
Aðalhlutverk: Andrew Garfield, Emma Stone, Martin Sheen, Sally Field og Rhys Ifans.
Lengd: 134 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.

skuldbindingar og leyndarmál. Þegar Peter uppgötvar dularfulla skjalatösku sem var í eigu föður hans, hefur hann vegferð sem snýst um að reyna skilja hvarf foreldra hans og leiðir hann beint í fangið á dr. Curt Connors (Rhys Ifans), fyrrverandi vinnufélaga föður síns. Spider-Man mun þurfa að berjast við The Lizard, afsprengi misheppnaðra vísindatilauna dr. Connors á sjálfum sér og í leiðinni þarf hann að taka aðdrifaríkar ákvarðanir varðandi ofurkraftana sem hann býr yfir og móta þannig framtíð sína sem sannkölluð hetja.

KVIKMYND



Laglegur Lói

Lói minnir rækilega á sig Fjórða myndin um Peter Parker er loksins komin. Fyrstu tvær voru góðar en svo kom þriðja myndin sem var því miður skelfilega léleg. Að þessu sinni er búið að skipta algjörlega um leikara og leikstjóra. Framleiðendur myndarinnar ákváðu að halda ekki áfram söguþræðinum eftir þriðju myndina heldur fara frekar á byrjunarreit aftur og segja söguna frá nýju sjónarhorni. Ég var frekar efins um þessa ákvörðun en hún reyndist vera nokkuð góð því ég vil meina að þetta upphaf sé mun betra en það sem var boðið upp á í fyrstu myndinni. Hér er farið mun dýpra í ævi Peters Parker og hvað það er sem gerist nákvæmlega hjá honum. Söguþráðurinn er þéttari og það er miklu meira kjöt á beinunum.

Garfield jarðar Tobey
Andrew Garfield hefur tekið við af Tobey Maguire sem Peter Parker og að þessu sinni er engin Mary Jane heldur fær Lói nýja kærustu, hina myndarlegu Gwen

Stacy sem leikin er af Emma Stone. Þó svo að Tobey hafi verið góður Lói og Kirsten Dunst fin sem Mary Jane þá er eitthvað við



þessi nýju tvö sem fær mig til að halda með þeim. Vonandi fyrirgefurðu mér þetta, Tobey, en Garfield er betri Parker en

þú. Þau fá svo góðan stuðning frá hinum frábæra Rhys Ifans og Denis Leary sýnir einnig grjótharðan leik. Marc Webb leikstjóri svo myndinni en segja má að þetta sé hans langstærsta áskorun til þessa þar sem hann er nú ekki mjög þekktur í Hollywood. Ákvörðun hans að láta áhorfandann sveiflast með Lóa þegar hann hendir sér milli húsanna á Manhattan gefur myndinni mjög mikið. Það var mikill fílingur í því og loksins fær maður 3D-mynd sem virkilega réttlætir það að maður nenni að hafa gleraugun uppi. The Amazing Spider-Man var frábær skemmtun og gefur góð fyrirheit fyrir snildina sem er á leiðinni í lok mánaðarins.



TÓMAS LEIFSSON

THE AMAZING SPIDER-MAN



www.maxfactor.co.uk

MAXFACTOR
THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

Allt að
24ra
STUNDA
ending og
þykking

NÝTT
24 FALSE LASH EFFECT

TILVALIÐ Á STRÖNDINA,
Í RÆKTINA EÐA Í PARTYIÐ!

Max Factor á Íslandi
www.medico.is

Útsöluastaðir: Hagkaup: Holtagörðum, Krínglunni, Skeifunni, Smáralind. Lyf og Heilsa: Austurverí, Eiðistorgi, Hringbraut og Krínglunni. Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Lyfjaborg, Lyfjaver Suðurlandsbraut, Lyfjaval Bílaapótek, Ríma apótek, Snyrtivöruverslunin Nana, Urðarapótek. Landið: Lyf og Heilsa: Glerártorgi, Hrísalundi, Hveragerði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn. KS Suðárkróki.

Toppar fyrirrennarann

Það snýst hreinlega allt um Lóa þessa vikuna og því fékk Monitor Svarthöfða til að rifja upp eina góða frá árinu 2004

GEGGJADAR HENDUR



SPIDER-MAN 2



STÁLSLEGINN



OTTO ER ÓTTALOUS



LÓÍ LJÓSMYNDARI

Spider-Man 2 er einfaldlega frábær mynd, spennandi, myndin, falleg og gerð af svo mikilli og djúpri virðingu fyrir **Köngulóarmanninum** sem teiknimyndasöguhetju að hrein unun er að horfa á.

Peter Parker, vinur okkar, er þó síður en svo í góðum málum þegar hann mætir til leiks. Það er nefnilega ekki tekið út með sældinni að vera ofurhetja og Köngulóarmaðurinn tekur svo mikinn tíma og orku frá honum að hann er að klúðra náminu og fjarlægast sína nánustu. Peter er sem sagt andlegt flak og það kemur harkalega niður á hetjunni þar sem hann virðist

vera að missa yfirnáttúrlega köngulóarhæfileika sína hægt og bitandi vegna þunglyndis.

Þetta gæti ekki gerst á verri tíma þar sem hinn ofurgáfaði vísindamaður **Otto Octavius** tekur upp á því að sturlast og ganga berserks-gang með fjóra tröllslega stálarma á bakinu. New York, eins og hún leggur sig, er því í stórhættu og **Spider-Man** þarf á öllum sínum kröftum óskiptum að halda eigi hann að geta bjargað borginni sinni, ástvinum sínum og síðast en ekki sist sjálfum sér.

Það er því nóg að gerast í þessari framhaldsmynd og

það verður að segjast eins og er að maður hefur sjaldan séð jafn mikinn metnað settan í handritsgerð teiknimyndasöguhetjumyndar. Sagan er pottþétt og rímar fullkomlega við það sem gerðist í fyrri myndinni og traustur grunnur er lagður að frekara framhaldi. Í þessari mynd verður því ljóst að **Sam Raimi** lagði upp með ákveðna heildarhugsun þegar hann fór af stað með Spider-Man árið 2002.

Þrátt fyrir hraða keyrslu og geggjáðar tæknibrellur sem gera það að verkum að áhorfandann svimar stundum af því að sveifla sér á milli skjákljúfa með hetjunni er

persónusköpuninni gefinn góður tími og handritið er skrifað með ákaflega mikilli virðingu fyrir Spider-Man-blöðunum þannig að þeir sem hafa átt Lóa að vini síðan í barnæsku fá ofboðslega mikið fyrir sinn snúð en einn helsti galdur myndarinnar er sá að hún skemmtir bæði þeim sem þekkja sögu Spider-Man fram og aftur ekki síður en þeim sem eru bara að koma til að sjá gott bíó.

Þessi fer beint á stall með *The Empire Strikes Back* í flokki framhaldsmynda sem toppa fyrirrennarann. Geðveik mynd. Alveg tóttalí brílljant. www.svarthofdi.is

TÖLVULEIKUR



Sullandi sandstormur

Það þykir óðs manns æði að gefa út skotleiki í dag í heimi þar sem Battlefield og Call of Duty virðast skipta skotleikjakökunni bróðurlega á milli sín. En þökk sé framleiðandanum Yager, þá eru menn ennþá að rembast við og tekst hér nokkuð vel til í nýjasta leik þeirra Spec Ops: The Line.

Nóg af óvinum

Leikmenn fara í hlutverk Martins Walker, en hann fer fyrir þriggja manna herdeild sem send er inni Dubai. Sandstormar hafa rústað borginni og eru Martin og félagar sendir til að bjarga John Konrad, herforingja sem varð innlyksa. Þegar félagarnir mæta á staðinn á komast þeir að því að ekki er allt sem sýnist. Konrad er búinn að koma sér upp einkaher og notar allan sinn kraft til að reyna að drepa Walker og féлага. Kannski ekki frumlegasti söguþráðurinn í heimssögunni, en saga leiksins sækir innblástur sinn víðsvegar að og meðal annars frá myndinni Apocalypse Now. Spec Ops: The Line er þriðju persónu skotleikur sem inniheldur gott „cover“-kerfi og þann möguleika að leikmenn geta gefið liðsfélögum sínum skipanir með einföldum hætti. Annar liðsfélaginn er þjálfuð skytta, en hinn er sprengjusérfræðingur. Leikurinn inniheldur öll helstu vopn nútímans og því af nógu

Spec Ops: The Line

Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Yager
Dómar: Gamespot xx af 10 / IGN xx af 10 / Eurogamer xx af 10

að taka þar. Spilunin gengur svo útá að hreinsa upp Dubai af óþjóðalýð, en nóg er af óvinum og eru þeir sæmilega gáfaðir og veita góða mótsömu. Á nokkrum stöðum í leiknum þurfa leikmenn að taka ákvarðanir sem geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og setja mann í erfða móralska klemmu. Þetta virkar vel og setur skemmtilegan blæ á leikinn.

Fyrir utan söguþráð leiksins er fullkomin netspilun þar sem leikmenn geta spilað saman í liðum eða einir og sér. Það er hellingur af spilunarmöguleikum í netspiluninni og reglulega hækka menn þar í tign og fá fleiri vopn og möguleika.

Ferskur skotleikur

Graffikin í Spec Ops: The Line er mjög flott og stendur sig fyllilega í samkeppinni. Tónlistin er stórbrotin og inniheldur helling af fiðlum (Sigrún Eðvalds í bullandi yfirvinnu) og talsetning leiksins er í góðu meðallagi.

Ég mæli hiklaust með Spec Ops: The Line fyrir þá sem eru orðnir leiðir á Battlefield og Call of Duty og vilja finna ferskan ilminn af napalmi svona rétt í morgunsárið.



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON

**SUMARDESSÍÐ:**

SKYRTA: 17

VESTI: ER VÍST EITTHVERT

SPECIAL DESIGN SEM

HÖRÐUR VINUR

MINN GAF MÉR

BUXUR: 17

SKÓR: CONVERSE

Meistari Buffon á vinstri rasskinnina

Sigurður Hrannar Björnsson er átján ára gamall Verzlunarskólaniemi sem hefur mikinn áhuga á tísku. Hann vinnur í Levi's-búðinni samhliða skólanum og æfir fótbolta með Fram þar sem hann er markvörður. **Stíllinn** fékk að kynna stílnum hans Sigurðar þessa vikuna.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Ég myndi segja að hann væri ósköp venjulegur, ég tek ekki mikla áhættu í fatavali.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Levi's og 17 aðallega, annars eru fataskáparnir hjá Hólmberti og Júlla vinum mínum ágætis kostur þegar ég er gjaldþrota.

Breytist stíllinn þinn eitthvað þegar líða fer á sumaríð?

Nei, ekki beint, eina breytingin er sú að úlpan verður eftir heima.

Áttu þér fyrirmynd í tískuheiminum?

Nei, það er ekki beint einhver sem ég er að klæða mig eftir.

Hver er best klæddi karlmaður í heimi?

Fyrir utan Hörð Björgvin vin minn sem lætur sérsauma allt fyrir

sig þá myndi ég segja Ryan Reynolds.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnum fyrir sumaríð? Flottar kvartbuxur, litríkir bolir og crocks.

Hver hafa verið þín verstu tiskumistösk?

Nokkrum sinnum hefur fólk sett út á svartar íþróttabuxur sem ég á, þær er taldar vera ákveðin blanda af buxunum hans Aladíns og buxunum sem MC Hammer klæddist í U Can't Touch This-myndbandinu.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Ég verð mestmegnis í fótbolta þegar ég er ekki að vinna og sem sjálfbóðaliði í hjólageymslum Grafarholts að tékka hvort allt sé læst og öruggt.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar?

Ég myndi láta gera andlitið af meistara Gianluigi Buffon á

**UPPÁHALDS:**

JAKKI: LEVI'S

BUXUR: CHEAP MONDAY


SKÓR: CONVERSE

**HVERSDAGS:**

PEYSA: H&M

BUXUR: LEVI'S

SKÓR: CONVERSE

**ÚT Á LÍFIÐ:**

PEYSA: CARLINGS

SKYRTA: LEVI'S

BUXUR: CHEAP MONDAY

SKÓR: CONVERSE

Nýr skiptimarkaður og sölusíða lítur dagsins ljós

Myriam S. Marti Guðmundsdóttir stofnaði nýverið netsíðuna **fataskipti.is** en þar er bæði hægt að kaupa sér fót og skiptast á fótum. Myriam vinnur sem ljósmyndari hjá Birtíngi en hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á tísku. **Stíllinn** tók stutt spjall við Myriam.

Hvað ert þú að gera þessa dagana?
Ég starfa hjá Birtíngi sem ljósmyndari.

Út á hvað gengur fataskipti.is?
Fataskipti.is er skiptimarkaður og sölusíða fyrir fót og annað.

Hvernig hefur síðan gengið?
Framar vonum, ég er allavega orðin háð því að bítta.

Hvaðan kom hugmyndin að síðunni?
Hugmyndin kom upp þegar ég var í verslunarleiðangri og sá peysu sem ég átti nema þarna var hún öðrum lit. Mikið rosaalega

vildi ég að ég hefði getað skipt henni. Út frá því þróaðist þessi hugmynd í allar áttir og endaði svona.

Getur hver sem er tekið þátt?
Já, það geta allir einstaklingar skráð sig að kostnaðarlausu!

Hvernig fót er hægt að fá á síðunni?
Það eru fót fyrir stelpur, stráka og börn.

Hefur þú sjálf mikinn áhuga á tísku?
Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tísku, þó að ég fylgi ekki endilega alltaf nýjustu tiskustrámunum.



Mynd: Heiða Helgadóttir



SÍMABORÐIÐ VAR KEYPT Í VERSLUNINI NOTAD OG NÝTT FYRIR ÖRFÁAR KRÓNUR. GLERSKÁLIN ER FRÁ IITTALA OG GÓLFVASINN FRÁ IKEA.

Myndir/ Eggert



STÓLLINN ER KEYPTUR Í TEKK COMPANY FYRIR MÖRGUM ÁRUM OG KERTASTJAKARNIR HAFU FYLGT HÚSFREYJUNNI FRÁ FERMINGU.

Litlu hlutirnir gefa íbúðinni karakter



TAFLBORÐIÐ VAR KEYPT Í AURUM OG HOLGA MYNDAVÉLIN Í URBAN OUTFITTERS.



HREINDÝRIÐ VAR AFMÆLISGJÖF FRÁ SYSTRUM HÚSFREYJUNNAR FYRIR NOKKRUM ÁRUM OG VAR KEYPT Í URBAN OUTFITTERS.

Stíllinn kíkti inn á fallegt og notalegt heimili í **Skipholtinu** en þar býr **par á þrítugsaldri**. Bæði eru þau í hönnunarnámi og því dugleg að fylgjast með nýjustu straumum og stefnum í hönnun en gamlir munir eru ekki síður í upphaldi hjá þeim. Stíllinn hitti á parið og spjallaði aðeins við það.

Hvernig mynduð þið lýsa stílnum á heimilinu?

Stíllinn á heimilinu ber með sér mikinn námsmannabrag, en þar úir og grúir af húsgögnum sem hafa ýmist fengist gefins frá fjölskyldu-meðlimum eða þegar gerð voru góð kaup. Það eru þá frekar litlu hlutimur sem gefa íbúðinni karakter og gleðja augað.

heimilið er að þeir séu klassískir og gætu átt heima á öðrum stað en í þeirri leiguíbúð þar sem við búum í dag.

Hver er upphalds húsgagnaverslunin ykkar?

Ein upphalds verslunin okkar er Fríða frænka þar sem oft er hægt að finna fjársjóði til að gæða íbúðina lífi án þess að það kosti mikið.

Hafið þið mikinn áhuga á hönnun?

Við erum dugleg að fylgjast með nýjustu straumum og stefnum í hönnun en höfum ekki síður gaman af því grúska í gömlum munum sem eiga sér fortíð.

Hafið þið sama smekk þegar kemur að stílnum á heimilinu?

Við erum frekar samstiga þegar kemur að því að velja stóru hlutina en erum þó hvort í lagi með okkar eigin smekk og stíl sem okkur þykir skemmtilegt að blanda saman.

Eigið þið ykkur eftirlætis hönnuð?

Það eru margir hönnuðir í sérlegu upphaldi hjá okkur, líkt og Jaime Hayon og Hay, og eins ýmsir hlutir úr hönnunarsögunni sem okkur dreymir um að eignast.

Ef þið gætuð boðið hverjum sem er heim í kaffi, hverjum mynduð þið bjóða?

Heimilið hefur lengi verið vinsæll samkomustaður fyrir fólkið í kringum okkur og er iðulega mikið líf og fjör, sérstaklega um helgar og þegar veðrið er gott. Okkur þykir æðislegt að taka á móti vinum okkar og fjölskyldu, hvort sem það er í kaffi eða eitthvað annað, enda er það skemmtilegasta fólkið sem við þekkjum.

Hvað hafið þið í huga þegar þið kaupid húsgögn og skreytið heimilið?

Það sem við reynum að hafa í huga þegar við kaupum hluti inn á



SPÉGILLINN ER ÚR IKEA OG KOMMÓÐAN ÚR VERSLUNINI 1928. KIMONO-SLOPPURINN ER KEYPTUR Í BARCELONA



LJÓSAKRÓNAN ER KEYPT Í EPAL, GLERKRUKKURNAR ERU GJÖF FRÁ MÓÐUR HÚSBÓNDANS, EN HÚN ÁTTI ÞÆR SJÁLF FYRIR. PAPPASKÁLINA Á ELDHÚSBORÐINU FÖNDRAR HÚSMÓÐIRNIN SJÁLF.



HNÖTTURINN VAR ÚTSKRIFTAR-GJÖF FRÁ VINUM HÚSBÓNDANS, EN HÆGT ER AÐ OPNA HANN OG ÞAR LEYNIST HINN FÍNASTI BAR.



VEGGKLUKKAN VAR KEYPT Í TEKK COMPANY OG VAR GJÖF FRÁ MÓÐUR HÚSFREYJUNNAR.



PRÓFAÐU NÝJAN
burn® **BLUE REFRESH**

 **burn**®
KVEIKIR Í ÞÉR